

Hollvinafélag Hellisgerðis

Hafnarfjörður 12. ágúst 2012

Til Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Margrét Gauja Magnúsdóttir, formaður

Fyrirspurn varðandi girðingu um Bonsai sýningu í Hellisgerði.

Fyrir nokkrum árum var reist rammgerð girðing utan um sýningu á bonsai trjám í Hellisgerði. Tekið var frá allstórt svæði í garðinum fyrir neðan Skúlaskeið. Það hafði áður verið vinsælt til lautarferða og leikja barna og mörgum hefur fundist girðingin stinga í stúf í hinu fagra umhverfi Hellisgerðis. Nú hin síðustu ár hefur starfsemi Bonsai garðsins legið niðri og svæðið hefur ekki nýst sem skyldi til útivistar.

Hollvinafélag Hellisgerðis hefur fengið fjölmargar fyrirspurnir um framtíð svæðisins og vill því beina þeirri fyrirspurn til ráðsins hvaða áætlanir séu uppi um það. Á að fjarlægja girðinguna rammgerðu og skila svæðinu til fyrra ástands?

Með vinsemd og virðingu

Fh Hollvinafélags Hellisgerðis

Ragnhildur Jónsdóttir formaður HH

afrit sent til Björns B. Hilmarssonar garðyrkjustjóra